

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

304. fundur

Föstudaginn 17. maí 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fengler (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Helga Ingólfssdóttir og Ásgeir Sveinsson(ÁS).

Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir, fulltrúi Seltjarnarness.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Innri endurskoðun 2019
2. Stefnumótun
3. Leiðakerfi
4. Árshlutauppgjör
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Innri endurskoðun 2019

Drög að skýrslu innri endurskoðanda lögð fram.

Umræður um skýrsluna, gert er ráð fyrir að innri endurskoðandi Strætó komi á næsta fund stjórnar og kynni skýrsluna.

2. Stefnumótun

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna varðandi vinnu við stefnumótun Strætó sem samþykkt var að fara í á fundi stjórnar 21. desember 2018. Á fundinum voru kynnt drög að nýrri framtíðarstefnu Strætó og helstu áherslum í rekstri næstu árin.

Stjórn samþykkti að framkvæmdastjóri og formaður stjórnar kynni drögin fyrir fulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

3. Leiðakerfi – Nýtt leiðanet

Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur á skipulagssviði, kynnti vinnu sem er í gangi og varðar skiplag og leiðkerfi Strætó í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

Í apríl og maí 2019 héldu fulltrúar Strætó fundi með hverju sveitarfélagi á höfuðborgarsvæðinu fyrir sig til að fara yfir leiðakerfismál er snúa að því sveitarfélagi. Á fundunum var farið yfir nýjustu farþegatölur, ræddar voru ýmsar framtíðarhugmyndir að leiðakerfisbreytingum ásamt því að farið var yfir ýmis umbótamál til skemmri tíma.

Stjórn lýsir yfir ánægju með þessa vinnu og leggur til að þetta verði gert reglulega.

4. Árshlutauppgjör

Uppgjördrög fyrir fyrsta ársfjórðung kynnt, endanlegt uppgjör verður lagt fyrir næsta fundi stjórnar.

5. Önnur mál

- a) Sigríður Harðardóttir, mannauðs- og gæðastjóri Strætó, kynnti drög að jafnlaunastefna, sem liður í vinnu við jafnlaunavottun fyrirtækisins. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög með þeim breytingartillögum sem komu fram á fundinum.

- b) Rætt um ferðapjónustu fatlaðra ásamt því að greint var frá störfum vinnuhóps sem hefur það hlutverk að fara yfir og skoða forsendur á nýju útbóði ferðapjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.

Fylgiskjöl:

- Jafnlaunastefna, samþykkt 17. maí 2019 - <https://straeto.is/uploads/files/810-b7d7dfa017.pdf>

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Jónssdóttir

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson